

**Samantekt: Áhrif erlends vinnuafls á launaverðbólgu á Íslandi**  
**Nemandi: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir**  
**Sérsvið: Hagfræði**  
**Dagsetning: Maí 2007**

Í ritgerðinni er sett fram sú tilgáta að erlent vinnuafl á Íslandi hafi dregið úr launaverðbólgu. Til þess að prófa tilgátuna er sett fram líkan með launaverðbólgu sem útskýringarbreytu og fjórum skýribreytum, atvinnuleysi, breytingu á atvinnuleysi á milli ára, töfðu gildi af launaverðbólgu og hlutfallinu á milli aðfluttra og brottfluttra erlendra ríkisborgara. Niðurstöður líkansins styðja tilgátu ritgerðarinnar um lækkun launaverðbólgu með tilkomu erlends vinnuafls. Ef erlends vinnuafls hefði ekki notið við hefði launaverðbólgan verið 7% hærrí árið 2006 en hún var samkvæmt líkaninu. Líkanið er metið fyrir árin 1968 til 2006. Meirihluti stíka er marktækur og sjálffylgni er ekki til staðar en veikleiki niðurstaðna er einkum sá að fjöldi mælinga er ekki mikill.

Í fyrsta hluta ritgerðarinnar er farið yfir helstu staðreyndir um erlenda ríkisborgara á Íslandi. Litið er á þróun síðustu ára sem hefur verið mjög hröð en nú eru erlendir ríkisborgarar um 9% vinnuafls. Þá er einnig litið til þess hvar á landinu þeir starfa, við hvaða störf og hvernig launavísitala á íslenskum vinnumarkaði þróaðist á milli árana 2005 og 2006. Í öðrum hluta er fjallað um náttúrulegt atvinnuleysi og fræðilegar undirstöður ritgerðarinnar lagðar. Í þriðja hlutanum eru helstu kenningar um hagfræði fólksflutninga (e. economics of migration) skoðaðar og fjallað um reynslu annarra þjóða af fólksflutningum. Í síðasta hluta ritgerðarinnar er líkanið metið og fjallað um helstu niðurstöður þess.